

Hafnarfirði 10. mars 2022

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þá er vorönnin 2022 hálfnuð og framundan er árshátíðarvika nemendafélagsins (NFF). Miðasala er hafin og gengur vel og er líklegt að líf og fjör muni einkenna skólastarfið í næstu viku. Mánudag og þriðjudag með viðburðum á vegum NFF og stemningu í kringum hádegishléin en **miðvikudaginn 16. mars**, á sjálfan árshátíðardaginn, verður **uppbrot á kennslu** sem hér segir:

Þrjú fyrstu tímar dagsins – kennsla samkvæmt stundatöflu en í **þriðja tíma** er á dagskrá fræðsluerindi fyrir nemendur skólans og verður því streymt í allar kennslustofur.
Skemmtidagskrá í hádeginu í Hamarssal
Kennsla fellur niður eftir hádegi, eða frá 12:35.

Um kvöldið fer síðan **árshátíðardansleikur NFF fram í Gamla bíó, frá kl. 22:00 – 02:00**. Nánari upplýsingar um viðburðinn má sjá á samfélagsmiðlum skólans og NFF en á sviðið í Gamla bíói munu helstu tónlistarstjórnur Íslands stíga. Við minnum á að **ölvun ógildir miðann** og hvetjum við alla nemendur skólans til að taka þátt í **fyrirmyndarpotti með glæsilegum vinningum** frá NFF og foreldrarráði skólans. Boðið verður upp á **fríar rútufurðir** heim að dansleik loknum og fara fyrstu rútur heim kl. 01:30. Miðaverð er kr. **4.900**.

Kennsla fellur niður í fyrsta tíma fimmtudaginn 17. mars.

Eins og þið hafið sjálfsagt tekið eftir þá hafa forföll verið tíð undanfarnar vikur, bæði hjá starfsfólki og nemendum, og því alveg ljóst að veikindi hafa sett strik í reikninginn hjá mörgum þessa önnina, því miður. Þá er mikilvægt að **halda vel utan um námið og fylgjast vel með á INNU**, t.d. tilkynningum um breytingar á námstillhögun eða verkefnaskilum. Þar má einnig finna allar helstu upplýsingar varðandi hvern og einn áfanga, námsefni, tímasetningar hlutaprófa og hvernig hægt er að vera í sambandi við viðkomandi kennara. Ég vona að allir hafi getað nýtt tækifærið og farið yfir miðannarmatið í INNU og metið þannig stöðuna í náminu. [Nemendabjónustan](#) er alltaf reiðubúin til að aðstoða nemendur ef eitthvað er og þá minni ég á bæði raungreina- og stærðfræðiverið hjá okkur á þriðjudögum kl. 15:50 og á [ritverið](#) sem er opið alla virka daga.

Athugið að ákveðið hefur verið að færa **valið** um viku og hefst það því **mánudaginn 21. mars**. Ég minni á mikilvægi þess að velja áfanga og skipuleggja námið vel, þannig tryggið þið skólavist á næstu önn. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans þegar nær dregur og verða nemendur minntir á valið bæði í INNU og í tölvóstum.

Bestu kveðjur til ykkar og munið að með hækkandi sól birtir til og allir vegir verða færir.

Áfram þið!

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla

Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland

www.flensborg.is

S: +354 565 0400/694 7594

